

Neyðarlínan ohf.
Ársreikningur
2021

Neyðarlínan ohf.
Skógarhlíð 14
101 Reykjavík

Kt. 511095-2559

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstremisfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Hlutafélagið Neyðarlínan ohf var stofnað í október 1995. Tilgangur þess er rekstur neyðarvaktstöðvar vegna samræmda neyðarnúmerins 112, almenn svörun neyðarboða, vöktun öryggiskerfa og skyldur rekstur. Rekstur neyðarstöðvar er í samræmi við lög nr. 40/2008 um samræmda neyðarsvörun. Félagið ber einnig ábyrgð á rekstri vaktstöðvar siglinga í samræmi við lög nr. 41/2003 og Tetra neyðar- og öryggisfarskiptaþjónustu fyrir löggæslu og aðra viðbragðsaðila, björgunarsveitir, orkufyrirtæki og fleiri.

Starfsemin á árinu

Helstu verkefni Neyðarlínunnar á starfsárinu 2021 voru áframhaldandi styrking varafls alls fjarskiptakerfisins, auk áframhaldandi þetting dekkunar öryggisfarskipta á landi og sjó sem auka þjónustugetu viðbragðsaðila ásamt þettingu almennrar farsímaþjónustu og þá jafnframt að auka aðgengi allra að 112. Í lok árs 2020 setti Fjarskiptastofa þá alþjónustuskyldu á Neyðarlínuna að þar sem lögbýli missa allt fjarskiptasamband vegna uppfærslu kerfa fjarskiptafélaganna eða hafa ekki aðgang að fjarskiptum af einhverjum orsökum, þá skuli Neyðarlínan bregðast við því. Verkefni sem koma til vegna þessarar kvaðar eru þá greidd úr alþjónustusjóði. Neyðarlínan annaðist einnig uppbyggingu fjarskipta á gossvæðinu á Reykjanesi. Haldið var áfram með endurnýjun vefsíðisins 112.is, og meðal annars settar þar inn upplýsingar um úrræði í mansalsmálum og fleiri úrræði í ofbeldismálum.

Smáforritið 112 Iceland gekk líka í endurnýjun lífdaga og var við það tækifæri fært nær þeirri virkni sem búið er að koma inn í vefspjalli 112.is.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri félagsins 61,7 millj. kr. á árinu 2021. Eignir félagsins námu 639 millj. kr. og eigið fé nam 270 millj. kr. í árslok 2021 samkvæmt efnahagsreikningi að meðtoldu hlutafé að fjárhæð 15,5 millj. kr. Stöðugildi að meðaltali yfir árið voru 40.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2022, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Eignarhald

Í ársþyrjun voru tveir eigendur að félagini, Ríkissjóður með 81,5% eignarhluta og Reykjavíkurborg með 18,5% eignahluta. Neyðarlínan ohf. keypti um mitt sumar 2021, hlut Reykjavíkurborgar í félagini, nafnverð kr. 3.515.000 yfir kr. 57.250.000. Í kjölfarið var hlutafé félagsins lækkað úr kr. 19.000.000 í kr. 15.485.000 og hlutafárlækkunin staðfest af ríkisskattstjóra undir lok ársins. Í lok ársins var einn eigandi að félagini, Ríkissjóður með 100% eignarhlut.

Staðfesting ársreiknings


Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok 2021, rekstrararárangri og fjárhagslegri þróun félagsins á árinu 2021, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.


Reykjavík, 30. mars 2022.

Stjórn og framkvæmdastjóri:


Rogn Þórður Þórsson


Þórhildur Þórsson


Ásmundur Þórður Þórsson


Ólafur Þórður Þórsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Neyðarlínunnar ohf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Neyðarlínunnar ohf. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af aðkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álití

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð félagini í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftifarandi:


- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til hennar upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 30. mars 2022.

Advant endurskoðun ehf.



Hinrik Gunnarsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur	12	1.499.847.301	1.495.815.688
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	501.134.648	478.499.864
Rekstur tækni- og fjarskiptabúnaðar		636.154.032	663.689.937
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		95.659.448	60.902.694
Rekstur húsnaðis		119.763.541	150.328.996
Rekstur varðstofu		91.681.863	93.906.158
Rekstur bifreiða		17.011.928	20.590.240
Afskriftir	5	5.500.207	7.325.126
		<u>1.466.905.667</u>	<u>1.475.243.014</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunat. og fjármagnsgj.		32.941.634	20.572.674
Vaxtatekjur		303.767	431.196
Vaxtagjöld		(4.692.303)	(1.730.513)
Gengismunur		(618.806)	(1.280.237)
Áhrif hlutdeildarfélags	8	<u>39.340.422</u>	<u>25.332.638</u>
		<u>34.333.080</u>	<u>22.753.084</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		67.274.714	43.325.758
Tekjuskattur	4	(5.590.518)	(3.602.204)
Hagnaður ársins	11	<u>61.684.196</u>	<u>39.723.554</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Rekstarfjármunir	5	16.162.449	21.662.656
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	8	280.980.573	241.640.151
Tekjuskattseign	9	2.666.038	12.536.556
	Fastafjármunir	<u>299.809.060</u>	<u>275.839.363</u>
Birgðir		31.537.885	16.498.460
Viðskiptakröfur	12	164.557.453	110.965.148
Aðrar skammtímakröfur		1.274.556	1.308.943
Virðisaukaskattur, inneign		17.638.137	14.394.140
Handbært fé		123.836.869	62.839.271
	Veltufjármunir	<u>338.844.900</u>	<u>206.005.962</u>
	Eignir samtals	<u>638.653.960</u>	<u>481.845.325</u>
Eigið fé			
Hlutafé	10	15.485.000	19.000.000
Bundið eigið fé		216.196.307	175.462.778
Óráðstafað eigið fé		38.702.203	54.366.536
	Eigið fé	<u>270.383.510</u>	<u>248.829.314</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		151.110.895	57.610.627
Skuldir við tengda aðila	12	150.623.751	88.254.705
Fyrirframinnheimtar tekjur		0	22.958.331
Aðrar skammtímaskuldir		66.535.804	64.192.348
	Skammtímaskuldir	<u>368.270.450</u>	<u>233.016.011</u>
	Skuldir samtals	<u>368.270.450</u>	<u>233.016.011</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>638.653.960</u>	<u>481.845.325</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2021

	Slýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	11	61.684.196	39.723.554
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárvægi:			
Afskriftir	5	5.500.207	7.325.126
Áhrif hlutdeildarfélags	8	(39.340.422)	(25.332.638)
Tekjuskattur	4	5.590.518	3.602.204
		Veltufé frá rekstri	
		33.434.499	25.318.245
Vörubirgðir, breyting		(15.039.425)	(25.946)
Skammtímakröfur, breyting		(35.401.915)	(50.985.842)
Skammtímaskuldur, breyting		72.885.393	4.827.939
		Handbært fé frá (til) rekstrar	
		55.878.552	(20.865.604)
Fjármögnunarhreyfingar			
Keypt eigin hlutabréf	11	(57.250.000)	0
Kröfur og skuldir við tengda aðila, breyting		62.369.046	53.130.588
		Fjármögnunarhreyfingar	
		5.119.046	53.130.588
Breyting á handbæru fé		60.997.598	32.264.984
Handbært fé í ársþyrjun		62.839.271	30.574.287
Handbært fé í árslok		123.836.869	62.839.271

Skýringar

Reikningsskilaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikning.

b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veitri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar hún hefur verið innt af hendi.

c. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frá dregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld, tæki og innréttningar	5 ár
Bifreiðar	5 ár

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

d. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á því verði sem svarar til hlutdeilda félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeilda í eigin fé þeirra við kaup.

e. Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

f. Birgðir

Birgðir endursöluvara eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til rýrnunar.

g. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

f. Tekjuskattur

Tekjuskattseign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun á efnahagsliðum samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum félagsins hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðað við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar aðallega um tímamismun að ræða þar sem gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattauppgjöri en í ársreikningi.

Skyringar, frh.:

3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2021	2020
Laun	427.895.415	398.615.229
Launatengd gjöld	131.939.233	115.484.635
Styrkveiting vegna Covid-19 færð til lækkunar á launakostnaði	(58.700.000)	(35.600.000)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>501.134.648</u>	<u>478.499.864</u>

Félagið fékk í ársþyrjun 2022, greitt 80,1 millj. kr. framlag frá ríkissjóði vegna aukins launakostnaðar tengt Covid faraldrinum. Framlagið var greitt vegna rekstraráranna 2020 og 2021. Framlag vegna ársins 2021 nam 58,7 millj. kr. sem fært er til lækkunar á launakostnaði félagsins og framlag vegna ársins 2020 nam 21,4 millj. kr. og er það fært til hækkunar á eigin fé félagsins 1.1.2021 a.t.t. skattaáhrifa.

Stöðugildi að meðaltali yfir árið	40	40
Laun framkvæmdastjóra	18.600.000	18.800.000
Laun stjórnar	7.560.000	7.560.000

4. Tekjuskattur

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2021	2020		
Hagnaður fyrir skatta	67.274.714	43.325.758		
Tekjuskattur samkvæmt				
gildandi skatthlutfalli	20,0%	(13.454.943)	20,0%	(8.665.152)
Hlutdeild í rekstri hlutdeildarfélags	(11,7%)	7.868.084	(11,7%)	5.066.528
Annað	0,0%	(3.660)	0,0%	(3.580)
Virkur tekjuskattur	8,3%	(5.590.518)	8,3%	(3.602.204)

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Ahöld og	tæki	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1.1.2021	10.630.368	70.606.400	81.236.768	
Stofnverð 31.12.2021	<u>10.630.368</u>	<u>70.606.400</u>	<u>81.236.768</u>	
Afskrifað samtals 1.1.2021	8.340.679	51.233.433	59.574.112	
Afskrifað á árinu	519.224	4.980.983	5.500.207	
Afskrifað samtals 31.12.2021	<u>8.859.903</u>	<u>56.214.416</u>	<u>65.074.319</u>	
Bókfært verð 1.1.2021	2.289.689	19.372.967	21.662.656	
Bókfært verð 31.12.2021	<u>1.770.465</u>	<u>14.391.984</u>	<u>16.162.449</u>	

Skyringar, frh.: ---

6. Leigusamningar

Félagið hefur gert leigusamning um hluta eignar að Skógarhlíð 14, Reykjavík. Skuldbinding vegna þessa hefur ekki verið færð í efnahagsreikning en hún nemur 191 millj. kr. í árslok á verðlagi í lok ársins. Samningurinn er tímabundinn og líkur 1. nóvember 2028 en er þó heimilt að segja upp með árs fyrirvara frá og með 1. nóvember 2022. Leigugjöld ársins nema 27,2 millj. kr. og eru færð til gjalda meðal reksturs húsnæðis í rekstrarreikningi. Leiguskuldbinding félagsins skiptist með eftirfarandi hætti á næstu ár.

Leiguskuldbinding vegna næstu fimm ára	139.581.660
Síðar	51.179.942
Samtals leiguskuldbinding 31.12.2021	190.761.602

Félagið leigir jafnframt fjarskiptakerfi, fjarskiptastöðvar og annað því tengt af Öryggisfjarskiptum ehf. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2018 og gildir þar til annar hvor samningsaðila segir honum upp. Samningurinn er uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara. Leigugjöld ársins nema 397 millj. kr. og eru færð meðal rekstrar-tækni og fjarskiptabúnaðar í rekstrarreikningi.

7. Vátryggingaverð

Vátryggingarverð lagers, áhalda, tækja og bifreiða nam 280 millj. kr. í árslok en bókfært verð nam 48 millj. kr.

8. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi greinast þannig:	Eignarhlutur	2021 hlutdeild í afkomu	2020 Bókfært verð
Öryggisfjarskipti ehf.	25%	39.340.422	280.980.573

9. Tekjuskattseign

Skatteign félagsins greinist þannig:	2021	2020
Reiknuð skatteign í ársþyrjun	12.536.556	0
Breyting á mati tekjuskatts	0	16.138.760
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	(9.870.518)	(3.602.204)
Reiknuð skatteign í árslok	2.666.038	12.536.556
Tekjuskattseign skiptist þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.158.080	2.189.045
Skammtímakrör	452.478	781.227
Yfirlænanlegt skattalegt tap	55.480	9.566.284
Tekjuskattseign í árslok	2.666.038	12.536.556

Tekjuskattseign er færð upp í ársreikningi félagsins fyrir árið 2021. Félagið var á árum áður rekið með nokkrum skattalegu tapi og ekki markmið félagsins að vera rekið með hagnaði heldur að veita eins góða þjónustu og hægt er miðað við það fjármagn sem félagið hefur yfir að ráða. Nú hefur hins vegar verið skattalegur hagnaður á rekstri félagsins undanfarin ár og það er mat stjórnenda að rétt sé að færa upp tekjuskattseign og reikna tekjuskatt í rekstrarreikningi. Yfirlænanlegt skattalegt tap félagsins í árslok 2021 nemur 0,3 millj. kr. en nam 48 millj. kr. í árslok 2020.

Skýringar, frh.:

10. Hlutafé

Hlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 15.485.000 kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félagini.

11. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Bundið	Óráðstafað	
		eigið fé	eigið fé	Samtals
Eiqið fé 1.1.2021	19.000.000	175.462.778	54.366.536	248.829.314
Leiðr. árið 2020 vegna Covid framlags qreitt 2021			17.120.000	17.120.000
Lækkun hlutafíjar	(3.515.000)		(53.735.000)	(57.250.000)
Breyting á bundnum reikningum		40.733.529	(40.733.529)	0
Hagnaður ársins			61.684.196	61.684.196
Eiqið fé 31.12.2021	15.485.000	216.196.307	38.702.203	270.383.510

Neyðarlínan ohf. keypti um mitt sumar 2021, hlut Reykjavíkurborgar í félagini, nafnverð kr. 3.515.000 fyrir kr. 57.250.000. Í kjölfarið var hlutafé félagsins lækkað úr kr. 19.000.000 í kr. 15.485.000 og hlutafíjlækkunin staðfest af ríkisskattstjóra undir lok ársins.

Bundið eigið fé greinist þannig:	Lögbundinn varasjóður	Yfirverð hlutafíjar	Hlutdeildar- reikningur	Samtals
Staða 1.1.2021	2.478.143	89.914.713	83.069.922	175.462.778
Tillag í lögbundinn varasjóð	1.393.107			1.393.107
Hlutdeild í rekstri hlutdeildarfélags á árinu			39.340.422	39.340.422
Staða 31.12.2021	3.871.250	89.914.713	122.410.344	216.196.307

Á árinu 2016 var gerð breyting á lögum um ársreikninga þar sem gerð er krafa um að hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfelaqa umfram móttékinn arð sé færð á sérstakan bundinn reikning meðal eigin fjárlækkun.

12. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félagini, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Upplýsingar um tengda aðila eru eftirfarandi:	Endurrukkaður			
	kostnaður og þjónusta	Leigu- greiðslur	Vextir gjalfærðir	Skuld
Öryggisfjarskipti ehf. 2021	237.266.819	397.181.177	4.456.773	150.623.751
Öryggisfjarskipti ehf. 2020	230.186.473	356.404.952	1.597.668	88.254.705

Félagið á í töluverðum viðskiptum við Öryggisfjarskipti ehf. sem felur fyrst og fremst í sér leigugjöld en einnig sér Neyðarlínan ohf. um innkaup á ýmsum búnaði, eignum og þjónustu sem félagið rukkar Öryggisfjarskipti ehf. fyrir. Endurrukkaður útlagður kostnaður er færður til lækkunar á gjöldum í rekstrarreikningi og er endurseldur á kostnaðarverði. Leigugjöld eru færð meðal rekstur tækni- og fjarskiptabúnaðar í rekstrarreikningi.

Meðal rekstrartekna er framlag ríkissjóðs að fjárhæð 912 millj.kr. (2020:886 millj. kr.). Meðal viðskiptakrafna er krafa á ríkissjóðs að fjárhæð 81 millj. kr. (2020:35 millj. kr.)